

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 17. september 2024

Mál nr. E-3338/2023:

Guðfinna Magney Sævarsdóttir og GX Holding Limited

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

gegn

BIRK Invest ehf.

(Heiðar Ásberg Atlason lögmaður)

Dómur

Mál þetta var höfðað 17. maí 2023 og dómtekið 21. ágúst 2024. Stefnendur eru Guðfinna Magney Sævarsdóttir, [...], og GX Holding Limited, Clifton House, 75 Fort Street, Caymaneyjum, en stefndi er BIRK Invest ehf., Reykjavíkflugvelli, Reykjavík.

Stefnendur krefjast þess að stefnda BIRK Invest ehf., kt. 530906-1160, Reykjavíkflugvelli, Reykjavík, verði slitið með dómi. Þá krefjast stefnendur þess að stefnda verði gert að greiða málskostnað.

Stefndi lagði fram greinargerð 29. júní 2023 og krafðist þess aðallega að málinu yrði vísað frá dómi. Kröfunni var hafnað með úrskurði dómsins 12. október 2023 með munnlegum rökstuðningi. Til vara krefst stefndi þess að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnenda. Til þrautavara krefst stefndi þess að félagið geti innan frests og fyrir verð sem ákveðið er í dóminum leyst til sín hluti stefnanda GX Holding Limited í stað félagsslita. Í öllum tilfellum krefst stefndi málskostnaðar *in solidum* úr hendi stefnenda.

I

Málsatvik

[...]

Stefndi, BIRK Invest ehf., er einkahlutafélag með 5.000.000 kr. í hlutafé. Er félagið í skráðri jafnri eigu Guðfinnu Magneyjar og Hilmars Ágústss í gegnum eignarhaldsfélög þeirra, GX Holding Limited, sem er í eigu stefnanda Guðfinnu Magneyjar, og Arwen Establishment Limited, sem er í eigu Hilmars Ágústss. Hann stofnaði BIRK Invest ehf. árið 2006 og var það þá í fullri óbeinni eigu hans í gegnum félagið Arwin Establishment. Var eignarhaldið með þeim hætti þar til stefnendur

eignuðust helming hlutafjár í félaginu árið 2021. Greinir málsaðila á um hvort Hilmar Ágúst hafi með þessum hætti gefið stefnandanum Guðfinnu Magneyju umræddan hlut, sem Hilmar Ágúst heldur fram, eða hvort um hafi verið að ræða uppgjör á ýmsum skuldum milli þeirra, sem farið hafi fram með þessum hætti, sem stefnandinn Guðfinna Magney heldur fram.

BIRK Invest ehf. hefur enga eiginlega starfsemi með höndum á Íslandi en félagið rekur gistiheimilið Kimi Résidence í Cannes í Frakklandi í gegnum tvö frönsk félög sem eru skráð í Frakklandi. Umrædd félög eru KIMI SARL, sem er félag utan um rekstur gistiheimilisins Kimi Résidence, og KIMI SCI, sem er eignarhaldsfélag fyrir fasteign Kimi Résidence en hefur ekki neinn rekstur með höndum. Var hlutafé í KIMI SCI hækkað snemma árs 2022, vegna erfiðrar stöðu félagsins. Greinir málsaðila á um hvort stefnendum hafi verið gefinn kostur á að taka þátt í hlutafjárhækkuninni.

Stefnendur halda því m.a. fram að Hilmar Ágúst hafi nýtt gistiheimilið til eigin nota og að hann hafi haft þar fasta búsetu án þess að greiða fyrir það eðlilega leigu. Þá hafi hann notað greiðslukort Kimi SARL til eigin nota. Einnig hafi hann dregið félagi sínu Bjargfasti ehf. bifreið af gerðinni Kia eNero frá félaginu Kimi SARL. Þá hafi Hilmar Ágúst sýnt almenna vanhæfni við reksturinn. Stefndi mótmælir þessu.

Stefnendur byggja kröfu sína í málinu á 81. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994, og halda því fram að Hilmar Ágúst hafi m.a. með fyrrgreindum aðgerðum sínum misnotað aðstöðu sína hjá fyrrnefndum dótturfélögum stefnda BIRK Invest ehf. með grófum hætti, sjálfum sér til hagsbóta og á kostnað stefnenda. Því mótmælir stefndi.

Stefnandinn Guðfinna Magney gaf aðilaskýrslu í málinu. Þá gaf aðilaskýrslu Hilmar Ágúst Hilmarsson, fyrirsvarsmaður stefnda.

II

Málsástæður stefnenda

Stefnendur kveðast reisa kröfu sína á almennum reglum félagaréttarins um skyldur stjórnarmanna, sbr. XV. kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, og almennum reglum samninga- og kröfuréttarins. Krafa um slit á stefnda BIRK Invest ehf. sé byggð á 1. mgr. 81. gr. laga um einkahlutafélög. en samkvæmt því ákvæði geti hluthafar, sem ráði yfir minnst einum fimmta hlutafjár, krafist dóms fyrir því að félagi skuli slitið á þeim grundvelli að hluthafar hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Stefnendur byggja á því að hluthafinn Hilmar Ágúst hafi misnotað aðstöðu sína hjá dótturfélagum stefnda BIRK Invest ehf. með grófum hætti, sjálfum sér til hagsbóta og á kostnað stefnenda. Hilmar Ágúst búi frítt í húsnæði dótturfélags stefnda BIRK Invest ehf., sem og frænka hans, og hafi þannig tekjur af umræddu dótturfélagi, KIMI SARL, sem því nemi, hann nýti greiðslukort og tekjur sem tilheyri dótturfélagi BIRK Invest ehf., auk þess sem hann dragi að sér fé dótturfélagsins. Umræddur Hilmar Ágúst hafi síðan brotið gróflega gegn stefnendum með því að auka hlutafé í dótturfélagi stefnda, KIMI SCI, án þess að stefnendum hafi verið gefinn kostur á því að taka þátt í hlutafjárukningunni og án þess að gætt hafi verið þeirra formreglna sem gildi þegar komi að hlutafjárukningu. Aukinheldur hafi Hilmar Ágúst greitt fyrir hinn aukna hlut sinn með skuldajöfnun.

Við aðalmeðferð málsins tefldu stefnendur fram þeirri málsástæðu að ekki hefði verið haldinn hluthafafundur í stefnda BIRK Invest ehf. um þá ákvörðun að taka ekki þátt í hlutafjárukningu í félaginu Kimi SCI. Mótmælti stefndi þeirri málsástæðu sem of seint fram kominni.

Málsástæður stefnda

Stefndi bendir á að krafa stefnenda byggi á 81. gr. laga nr. 138/1994, sem heimili slit á félagi á grundvelli þess að hluthafar hafi af ásetningi *misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum* félagsins á einkahlutafélagalögum eða samþykktum félagsins. Engum brotum á einkahlutafélagalögum eða samþykktum sé lýst í stefnu málsins og virðist því aðeins byggt á meintri misnotkun á aðstöðu. Tilvísun stefnenda í XV. kafla laganna, hvað varði skyldur stjórnarmanna sé röng, en þar sé fjallað um skaðabætur sem ekki geti átt við samkvæmt máltilbúnaði stefnenda sjálfra og því sé óljóst hvaða skyldur stjórnarmanna hluthafinn Hilmar Ágúst eigi að hafa brotið við hina meintu misnotkun.

Stefndi kveðst byggja sýknukröfu sína á því að málsástæður stefnenda um misnotkun geti ekki átt við í máli gegn stefnda þar sem þær varði allar rekstur franskra félaga sem séu í eigu stefnda að hluta til, en ekki stefnda sjálfs. Falli það því ekki undir áður nefnt ákvæði einkahlutafélagalaga sem allur máltilbúnaður stefnenda byggi á og geti varðað slitum viðkomandi félags með dómi. Öll þau atvik sem lýst sé í stefnu varði rekstur frönsku félaganna KIMI SARL og KIMI SCI og varði því ekki meinta misnotkun á aðstöðu í félaginu BIRK Invest ehf. eins og 81. gr. laga nr. 138/1994 áskilji, þ.e. því félagi sem krafist sé slita á. Telji stefnendur að um misnotkun sé að

ræða í hinum frönsku dótturfélögum, sem stefndi mótmæli alfarið að eigi sér stoð, beri þeim að leita leiða til þess að slíta þeim félögum samkvæmt leiðum sem færar kunnir að vera að frönskum lögum. Íslenskir dómstólar hafi ekki lögsögu til að dæma um það sem hafi gerst eða ekki gerst í frönskum félögum eftir frönskum lögum. Þar af leiðandi byggji stefndi sýknukröfu sína einnig á því að um rekstur hinna frönsku dótturfélaga stefnda fari eftir frönskum lögum sem hafi verið fylgt í hvívetna. Ekki sé hægt að segja til um hvort tiltekin háttsemi í þeim rekstri teljist vera misnotkun á aðstöðu af ásetningi án þess að það sé metið samkvæmt frönskum lögum. Stefnendur hafi ekki einu sinni gert tilraun til þess að sýna fram á að frönsk lög hafi verið brotin í starfsemi KIMI SARL og KIMI SCI.

Stefndi kveðst einnig byggja sýknukröfu sína á því að hluthafinn Hilmar Ágúst hafi ekki að neinu leyti misnotað aðstöðu sína í félaginu. Auk þess sé það skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins að ásetningur hafi staðið til misnotkunar á aðstöðu, sem sé ekki fyrir hendi og ekkert sem liggi fyrir í málinu styðji slíkar ásakanir. Allar ákvarðanir Hilmars Ágústs í starfsemi hins stefnda félags og hinna frönsku félaga hafi verið byggðar á eðlilegum viðskiptalegum hagsmunum sem séu í þeirra þágu, enda hafi Hilmar Ágúst dælt peningum inn í hin frönsku dótturfélög til þess að halda þeim á floti eftir afleiðingar Covid-heimsfaraldursins.

Stefndi kveðst mótmæla því að stefnandinn Guðfinna Magney hafi fengið takmarkaðar upplýsingar um tekjur og útgjöld KIMI SARL auk þess sem starfsmaður og bókarari fyrirtækisins hafi neitað að gefa upplýsingar og vísað á Hilmar Ágúst. Jafnframt mótmælir hann því að hún hafi ekki fengið aðgang að banka KIMI SARL, *þrátt fyrir að hún sé kjörin prókúruhafi móðurfélagsins, stefnda BIRK Invest ehf.* Stefnendur hafi ekki lýst því af hverju eða á hvaða grundvelli Guðfinna Magney eigi, sem prókúruhafi í móðurfélaginu, að hafa aðgang að banka dótturfélagsins. Sé þessi málsástæða stefnenda með öllu vanreifud. Skýringu á henni, komi hún fram undir rekstri málsins, yrði mótmælt sem nýrri málsástæðu sem stefndi mótmæli að komist að í málinu, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Í þessu felist aukinheldur ekki misnotkun heldur venjulegar viðskiptalegar ráðstafanir. Hvað varði upplýsingar að öðru leyti, t.d. um stöðu lána, geti stefnendur óskað eftir þeim á samráðsvettvangi hluthafa, hluthafafundi, samkvæmt ákvæðum hlutaðeigandi franskra laga um málefni félaga.

Hvað varðar meint ógreidd laun Guðfinnu, frá apríl 2021 til september 2021, kveðst stefndi í fyrsta lagi benda á að því sé ekki haldið fram sem málsástæðu að hin

ógreiddu laun teljist til misnotkunar á aðstöðu, þó stefnendur reki það í málsatvikum. Haldi stefnendur því fram verði um nýja málsástæðu að ræða sem stefndi mótmæli að komist að, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991. Verði ekki fallist á að slík röksemd teljist til nýrrar málsástæðu sé bent á að staðhæfingar um ógreidd laun séu ósannar, enda hafi aldrei staðið til að greiða Guðfinnu Magneyju laun og hafi hún verið meðvituð um það. Guðfinnu Magneyju hafi verið fullkunnugt um að skráning hennar sem *starfsmanns á Kimi Résidence* hafi verið til að veita henni rétt til franskra sjúkratrygginga á þeim grundvelli. Það hafi verið á grundvelli franskra laga, ekki íslenskra. Það hafi verið öll ástæðan fyrir skráningu stefnanda sem starfsmanns. Hér hafi því verið um að ræða málamyndaskráningu en ekki hafi staðið til að Guðfinna Magney myndi inna raunverulegt vinnuframlag af hendi sem hún hafi heldur aldrei gert. Þar að auki og þessu til stuðnings hafi Guðfinna Magney nær engum tíma eytt á hótelinu, sem hefði verið nauðsynleg forsenda fyrir launagreiðslum, þar sem hún starfaði á sama tíma sem flugmaður í fullri vinnu fyrir Icelandair eins og óumdeilt sé. Eins hafi þau ekki varið þessum tíma í Cannes þar sem þau hafi eytt sumrinu á Íslandi og aðeins dvalið yfir vetrarmánuðina í Cannes.

Stefndi kveður þá staðreynd að umrædd laun hafi ekki verið greidd ekki þýða að hluthafinn Hilmar Ágúst hafi misnotað aðstöðu sína af ásetningi. Enginn ásetningur hafi staðið til þess að greiða ekki laun fyrir vinnu sem raunverulega hafi verið innt af hendi. Vinnan hafi einfaldlega aldrei verið innt af hendi og eigi Guðfinna Magney því ekki tilkall til launanna. Hafi öllum slíkum kröfum auk þess verið hafnað af hálfu franska dótturfélagsins. Hafi stefnandi Guðfinna Magney ásetning til að sækja laun fyrir enga vinnu sem hún hafi aldrei átt að fá greidd verði hún að reka það mál fyrir frönskum dómstólum, enda beinist sú krafa að frönsku félagi, ekki íslensku.

Stefndi kveðst mótmæla því að Hilmar Ágúst hafi misnotað aðstöðu sína hjá dótturfélögum stefnda með því að búa frítt í húsnaði Kimi Résidence, ásamt frænku sinni, og haft tekjur af dótturfélaginu sem því nemi. Þá sé því alfarið hafnað að gistirými hafi verið tekin frá og nýtt til einkanota án greiðslu. Þessar ráðstafanir hafi átt sér eðlilegar viðskiptalegar skýringar og í þeim hafi ekki falist misnotkun á aðstöðu. Hilmar Ágúst starfi sem framkvæmdastjóri KIMI SARL sem reki Kimi Résidence og hafi gert allt frá stofnun þess árið 2008. Um sé að ræða íbúðarhúsnaði sem Hilmar Ágúst hafi breytt í hótél og hafi hann séð um alla uppbyggingu og rekstur þess allar götur síðan. Hann hafi aldrei þegið eiginleg laun fyrir störf sín sem framkvæmdastjóri Kimi

Résidence. Í staðinn fyrir útgreidd laun hafi lengi verið sá háttur á að hann hafi haft afnot af hótelinu fyrir vini og fjölskyldu á lágannatímum þegar herbergjanýting sé hvort sem er mjög lítil. Tekjutap félagsins hafi því ekki verið neitt vegna þessa enda hafi þetta jafnast út á móti launum sem hann ella ætti eðlilega rétt á að fá greidd sem framkvæmdastjóri. Hafi þetta fyrirkomulag verið við lýði í 15 ár.

Hvað varði það sem í stefnu sé nefnt *einkaveisla Hilmars* 8.–16. júní 2022 sé um að ræða tímabil áður en skólafrí hefjist í Frakklandi og herbergjanýting sé þá lítil á hótelinu. Hafi þetta fyrirkomulag verið lengi við lýði og löngu áður en Guðfinna Magney hafi eignast hlut í BIRK Invest ehf. Hafi henni ávallt verið kunnugt um það. Sé um að ræða eðlileg fríðindi í starfi fyrir vinnu sem annars hafi verið alfarið launalaus. Hvað varði not Hilmars Ágústs á herbergi á hótelinu fyrir sjálfan sig hafi einnig verið um að ræða hluta af launum hans sem framkvæmdastjóra Kimi SARL. Nálægð við hótelið sé stór kostur þar sem yfirsýn yfir starfsemina sé meiri og hann líklegri til að vera tiltækur ef þörf er á. Eigi þessi ráðstöfun sér því eðlilegar viðskiptalegar skýringar sem eigi ekkert skylt við misnotkun á aðstöðu eins og haldið sé fram í stefnu. Hafi þetta fyrirkomulag verið við lýði allt frá stofnun Kimi Résidence árið 2008 og ekkert hafi breyst frá þeim tíma. Sömu rök eigi við um íveru starfsmanns á hótelinu. Hvað varði þá fullyrðingu að *frænka Hilmars* búi frítt á hótelinu sé þar líklega vísað til konu að nafni Tatum Maher sem sé starfsmaður hótelsins og ekkert skyld Hilmari Ágústi. Hún sjái um daglegan rekstur hótelsins og fái sem endurgjald greidd laun ásamt herbergi til að búa í. Sama eigi við um annan starfsmann sem einnig búi og vinni hjá Kimi Résidence. Hótelið hafi verið rekið með þessum hætti allt frá upphafi starfseminnar. Gestir mæti oft á hótelið seint á kvöldin og hafi þessi ráðstöfun verið lausn á því vandamáli allt frá árinu 2009, þ.e. til að spara kostnað í rekstri. Fullyrðingar í stefnu um að laun Tatum séu há eigi ekkert skylt við misnotkun á aðstöðu og þess utan sé um ranga og ósannaða staðhæfingu að ræða.

Stefndi kveðst mótmæla því að hluthafinn Hilmar Ágúst hafi nýtt greiðslukort og tekjur dótturfélaga stefnda BIRK Invest ehf. í eigin þágu og að hann hafi dregið sér fé félagsins. Öllum staðhæfingum um misnotkun á fé og eignum KIMI SARL sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Þá hafi ekki verið lögð fram kæra til lögreglu vegna þessa, hvorki hér á landi né í Frakklandi. Beri stefnendur sönnunarbyrði fyrir þessum alvarlegu ásökunum og hafi ekkert lagt fram í málinu sem styðji þennan málalíbúnað. Hafi Hilmar Ágúst þvert á móti lagt gríðarlega mikið fé inn í félagið til þess að halda því á floti, sér í lagi á veturna

þegar reksturinn hafi ekki staðið undir sér. Hvað varði fullyrðingar um greiðslu starfsmanns Bjargfasts ehf. af reikningi KIMI SARL árið 2021 sé þeim mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

Hvað varði staðhæfingar um fjárdrátt í tengslum við bifreið af gerðinni Kia eNero kveður stefndi eðlilegar viðskiptalegar skýringar standa þar að baki sem eigi ekkert skylt við ásakanir um refsiverða háttsemi eins og haldið sé fram í stefnu. Bjargfastur ehf. hafi lánað KIMI SARL töluverðar upphæðir í gegnum árin og hafi bíllinn verið notaður sem hluti af uppgjöri á þeirri skuld. Aðallega sé þó bent á að þessi ráðstöfun hafi verið gerð ári áður en Arwen Establishment hafi gefið stefnandanum GX Holding 50% í stefnda BIRK Invest ehf., án endurgjalds. Hafi hluthafinn Hilmar eðli máls samkvæmt ekki getað misnotað aðstöðu sína í félaginu ef hann var eini hluthafi þess. Þessi málsástæða sé því þýðingarlaus.

Stefndi kveðst mótmæla staðhæfingum um að Hilmar hafi dregið sér reiðufé félagsins, sem séu rangar og ósannaðar. Hafi stefnendur ekki fært neinar sönnur fyrir þeim eða gert tilraun til að sýna fram á að þær séu réttar. Megi nefna að lægra bókfært reiðufé hótelsins skýrist af því að nær allar greiðslur fyrir gistingu berist með öðrum greiðsluleiðum, sér í lagi um bókunarsíður eins og Booking.com og Airbnb. Gestir borgi stundum skatta til sveitarfélagsins með reiðufé en það fari þá beint til sveitarfélagsins.

Stefndi kveðst mótmæla yfirlýsingum í málavaxtakafli stefnu um meinta vanhæfni Hilmars til að sjá um hótelið og fjármálin. Þá sé bent á að þar sem reksturinn sé í frönskum félögum dugi vanhæfni í rekstri þeirra ekki til slita móðurfélagsins. Þess utan sé þessi staðhæfing röng og algjörlega ósönnuð. Til þess að fallist verði á slit félagsins með dómi samkvæmt 81. gr. laga um einkahlutafélög þurfi að sýna fram á *misnotkun* hluthafa á *aðstöðu* sinni af *ásetningi*. Hugmyndir stefnenda um meinta vanhæfni í rekstri falli ekki þar undir. Hið sama eigi við um staðhæfingar um að laun hafi verið í ósamræmi við tekjur staðarins. Jafnframt eigi sömu rök við um stofnun skulda vegna framkvæmda á hótelinu, sem séu að auki eðlilegar fjárfestingar í rekstri. Yfirlýsingar um að félagið sé illa rekið séu gripnar úr lausu lofti. Kimi Résidence hafi verið rekið með hagnaði árið 2022 í fyrsta skipti í mörg ár og engar útistandandi skuldir séu á félaginu eftir að skuldum hafi verið breytt í hlutafé.

Stefndi kveðst mótmæla fullyrðingum í stefnu um að Hilmar hafi brotið gróflega gegn stefnendum með því að auka hlutafé KIMI SCI án þess að gefa stefnendum kost á að taka þátt í hlutafjárukningunni og án þess að gæta þeirra formreglna sem gilda um

hlutafjárukningar. Sé þetta efnislega rangt og ósannað. Hafi verið gætt allra formreglna samkvæmt frönskum lögum og hækkun hlutafjár réttilega færð til bókar samkvæmt frönskum lögum einnig. Öll formsatriði vegna hlutafjárhækkunarinnar hafi því verið réttilega framkvæmd samkvæmt frönskum lögum. Hafi stefnendur athugasemdir við þessa hlutafjárhækkun og telji hana ólögmeta verði þau að fara með slíkt mál að frönskum lögum og fyrir hlutaðeigandi dómstól í Frakklandi. Þá megi nefna að Hilmar hafi verið og sé stjórnarmaður og framkvæmdastjóri BIRK Invest ehf. og hafi haft fulla lagalega heimild til að skuldbinda félagið með firmaritun sinni. Einnig kveðst stefndi byggja á því að hlutafjárhækkunin hafi ekki falið í sér misnotkun á aðstöðu af ásetningi. Hafi ráðstöfunin átt sér eðlilegar og viðskiptalegar skýringar. Hafi ástæða hlutafjárhækkunarinnar verið sú að fasteignafélagið, KIMI SCI, hafi ekki lengur getað staðið undir afborgunum af fasteign sinni, sem hýsi rekstur gistiheimilisins Kimi Résidence, sökum tekjutaps vegna Covid-19-lokana. Hafi gistiheimilið verið lengi lokað og engar greiðslur hafi staðið til boða frá frönskum yfirvöldum, eins og hafi t.d. verið gert á Íslandi, á meðan á heimsfaraldrinum stóð sem lamað hafi ferðaþjónustufyrirtæki um allan heim.

Stefndi kveður hafa staðið til að gjaldfella lán sem var með veði í húsnaði Kimi Résidence og hefði fasteignin því getað fallið til viðskiptabanka á grundvelli veðsamnings ef ekkert hefði verið aðhafst. Hefði Bjargfastur ehf. innt af hendi greiðslu til bankans til að koma í veg fyrir gjaldfellingu og að bankinn tæki yfir fasteignina á grundvelli veðsetninga.

Stefndi kveður Hilmar Ágúst hafa, í tölvupósti sem fyrir liggir í málinu, boðið stefnandanum Guðfinnu að leggja til fé og taka þátt í hlutafjárhækkuninni. Hafi hún lýst því yfir að hún hefði *hvorki áhuga á því né efni* að taka þátt í henni. Því geti ekki verið um misnotkun á aðstöðu að ræða eins og fram sé haldið í stefnu. Það hafi verið ákvörðun stefnenda sjálfra að taka ekki þátt í hækkun hlutafjár sem þeim hafi sannanlega verið boðið að taka þátt í.

Til stuðnings sýknukröfu bendir stefndi einnig á að eðlilegar og viðskiptalegar skýringar hafi legið að baki hlutafjárhækkuninni í KIMI SCI. Hilmar hafi náð að bjarga hótelinu frá nauðungarsölu sem hefði kippt fótunum undan rekstri þess. Út frá viðskiptalegum forsendum hafi hann tekið þá ákvörðun að veita KIMI SCI fjármagn úr öðru félagi í sinni eigu en gefið stefnanda Guðfinnu alla kosti á að taka þátt í hækkuninni ef hún hefði áhuga á að halda sínum óbeina helmingshlut. Því hefði hún hafnað.

Stefndi kveður fjármagnið hafa verið lagt fram með þeim skilyrðum að hlutafjárhækkun yrði framkvæmd. Án þess hefði fjármagnið ekki verið lagt til af hálfu Bjargfasts ehf. Þessi ráðstöfun hafi verið gerð til hagsbóta fyrir stefnda og án þessarar íhlutunar hefðu frönsku félögin KIMI SCI og KIMI SARL að öllum líkindum orðið gjaldþrota og rekstri orðið sjálfhætt. Þá hafi Bjargfastur ehf. lánað KIMI SCI vel yfir 1.000.000 EUR síðan árið 2008, en það ár hafi Bjargfastur ehf. einnig þurft að bjarga fasteigninni frá nauðungarsölu.

Um hafi verið að ræða lán sem hafi ekki verið endurgreidd og hafi því verið eðlileg viðskiptaleg ákvörðun að hækka hlutafé til samræmis og breyta láni yfir í hlutafé eins og alþekkt sé að gert sé í slíkum tilvikum. Hlutafjárukningin hafi því ekki falið í sér misnotkun hluthafans á aðstöðu sinni í félaginu eins og haldið sé fram, hvað þá af ásetningi, heldur hafi þvert á móti verið um að ræða björgunaraðgerðir félaginu til hagsbóta.

Til stuðnings þrautavarakröfu sinni um að í stað félagsslita geti félagið innan frests og fyrir verð, sem ákveðið verði í dóminum, leyst til sín hluti GX Holding Limited, sbr. heimild í 2. mgr. 81. gr. laga nr. 138/1994, kveðst stefndi aðallega byggja á því að GX Holding Limited hafi fengið hlutina án nokkurrar greiðslu. Um hafi verið að ræða samtals 2.500.000 hluti að nafnverði 2.500.000 krónur sem ekkert hefði verið greitt fyrir. Um hafi verið að ræða örlætisgerning [...] og beri að líta til þess við ákvörðun verðmætis samkvæmt 2. mgr. 81. gr. laga nr. 138/1994. Verði ekki fallist á það verði tekið tillit til þess við ákvörðun á innlausnarverði. Að öðrum kosti verði miðað við nafnvirði hlutafjár, sem sé 2.500.000 krónur.

III

Niðurstaða

Í máli þessu krefjast stefnendur þess að stefnda verði slitið með dómi samkvæmt 1. mgr. 81. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Í ákvæðinu segir að hluthafar, sem ráði yfir minnst 1/5 hlutafjár, geti krafist dóms fyrir því að félagi skuli slitið á þeim grundvelli að hluthafar hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögunum eða samþykktum félagsins. Stefnandinn GX Holding Limited, sem er í eigu stefnandans Guðfinnu Magneyjar, er hluthafi sem ræður yfir meira en fimmtungi hlutafjár í stefnda og stefnendur eru því bærir til að gera kröfu á grundvelli ákvæðisins, en til þess að fá dóm fyrir því að félaginu verði slitið verða stefnendur að sýna fram á að skilyrði ákvæðisins til þess séu fyrir hendi.

Stefndi krefst sýknu m.a. á þeim grundvelli að öll atvik sem lýst sé af hálfu stefnenda varði misnotkun á aðstöðu í hinum frönsku dótturfélögum stefnda. Verði því ekki byggt á 1. mgr. 81. gr. laga um einkahlutafélag þar sem þar sé áskilið að misnotuð sé aðstaða í því félagi sem krafist sé slita á. Dómurinn er ekki sammála því að skýra beri umrætt ákvæði svo þröngt að það geti ekki náð til tilvika eins og þeirra sem stefnendur byggja mál sitt á, þ.e. að um hafi verið að ræða misnotkun fyrirsvarsmanns hins stefnda félags á eignum þess. Er þessari málsástæðu stefnda því hafnað.

Stefnendur byggja mál sitt á því að hluthafinn Hilmar Ágúst hafi misnotað aðstöðu sína hjá fyrrgreindum dótturfélögum stefnda með grófum hætti, sjálfum sér til hagsbóta og á kostnað þeirra. Byggja stefnendur í því sambandi á tilgreindum málsástæðum sem hér verður tekin afstaða til.

Stefnendur tefla fram þeirri málsástæðu að fyrrgreindur Hilmar Ágúst hafi búið og búi frítt í húsnæði dótturfélags stefnda, sem og frænka hans, og haft af umræddu dótturfélagi, KIMI SARL, tekjur sem því nemi.

Hilmar Ágúst gaf skýrslu fyrir dóminum. Kom fram að hann þægi ekki laun frá félaginu en byggi á móti í húsnæði þess. Sama ætti við um fleiri starfsmenn félagsins sem fengju hluta launa sinna greiddan með þessum hætti. Nyti félagið á móti þess að umræddir starfsmenn væru á staðnum til að taka á móti gestum og sinna annarri vinnu á hótelinu. Þá væri hann sjálfur tiltækur ef á þyrfti að halda. Hefði hann því ekki misnotað sér aðstöðu sína hjá félaginu með þessum hætti heldur ætti þessi ráðstöfun sér eðlilegar viðskiptalegar skýringar.

Á stefnendum hvílir sönnunarbyrði fyrir staðhæfingum þeirra um að hluthafinn Hilmar Ágúst hafi misnotað aðstöðu sína hjá umræddum dótturfélögum stefnda. Þau hafa ekki freistað þess að afla frekari upplýsinga um þetta atriði fyrir dóminum, t.d. með vitnaskýrslum eða framlagningu gagna. Hafa þau að mati dómsins ekki fært fullnægjandi sönnur fyrir því að umrædd málsástæða eigi við rök að styðjast og fellst dómurinn því ekki á hana.

Stefnendur byggja einnig á þeirri málsástæðu að umræddur Hilmar Ágúst hafi nýtt og nýti greiðslukort og tekjur sem tilheyri dótturfélagi stefnda, Kimi SARL, auk þess sem hann dragi að sér fé félagsins. Um þessa málsástæðu gildir hið sama og um hina síðastnefndu. Stefnendur hafa ekki fært fram gögn um að hún eigi við rök að styðjast eða

kallað vitni fyrir dóm til að bera um umræddar fullyrðingar. Óljósar vísanir stefnenda til fyrirbyggjandi bankayfirlita félagsins, sem stefndi lagði fram eftir áskoranir stefnenda þar að lútandi, breyta engu í þessu sambandi. Verður þessari málsástæðu af þessum sökum hafnað.

Stefnendur byggja loks á því að umræddur Hilmar Ágúst hafi brotið gróflega gegn stefnendum með því að auka hlutafé í dótturfélagi stefnda, KIMI SCI, án þess að stefnendum hafi verið gefinn kostur á því að taka þátt í hlutafjárukningunni og án þess að gætt hafi verið þeirra formreglna sem gildi þegar komi að hlutafjárukningu. Þá hafi Hilmar Ágúst greitt fyrir hinn aukna hlut sinn með skuldajöfnun.

Dómurinn fellst á það með stefnda að stefnendur hafi ekki sýnt fram á að brotið hafi verið gegn frönskum lögum þegar hlutafé var aukið í hinu franska félagi. Er því ekki fallist á málsástæðu stefnenda þar að lútandi.

Hvað varðar þá málsástæðu stefnenda að þeim hafi ekki verið gefinn kostur á að taka þátt í hlutafjárukningunni liggur fyrir í málinu að stefnandinn Guðfinna Magney og Hilmar Ágúst voru í samskiptum í aðdraganda hennar. Í þeim kom fram hjá Guðfinnu Magneyju að hún hefði hvorki áhuga á né efni á að taka þátt í hlutafjárukningunni. Fellst því dómurinn á það með stefnda að í aðdraganda hlutafjárukningarinnar hafi stefnendum verið gefinn kostur á að taka þátt í henni og að fyrir hafi legið skýr afstaða þeirra um að gera það ekki.

Hvað varðar þá málsástæðu stefnenda að ekki hafi verið gætt formreglna vísast aftur til þess að stefnendur hafa ekki sýnt fram á að ekki hafi verið farið að frönskum lögum við hlutafjárukninguna. Er því ekki fallist á umræddar málsástæður stefnenda. Þá hafa stefnendur ekki rennt stoðum undir þá málsástæðu sína að greiðslur vegna hlutafjárukningar með skuldajöfnuði hafi verið á einhvern hátt óeðlilegar eins og á stóð og er þeirri málsástæðu því einnig hafnað.

Eins og fyrr sagði kom fram sú málsástæða af hálfu stefnenda til stuðnings kröfu sinni, við aðalmeðferð málsins, að ekki hefði verið haldinn hluthafafundur í stefnda, BIRK Invest ehf., varðandi þá ákvörðun að taka ekki þátt í hlutafjárukningu í félaginu KIMI SCI. Stefndi mótmælti málsástæðunni sem of seint fram kominni og verður hún því ekki tekin til greina í málinu, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, enda sýndu stefnendur ekki fram á að umrædd málsástæða rúmaðist innan þeirra málsástæðna sem á er byggt í stefnu í málinu. Þá höfðu stefnendur fjölmörg

tækifæri til að koma umræddri málsástæðu að í málinu á fyrri stigum þess, en þinghöld í því voru mörg.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða dómsins að hafna öllum málsástæðum stefnenda í málinu. Er því ekki ástæða til að fjalla frekar um málsástæður stefnda. Er stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnenda.

Með vísan til úrslita málsins verður stefnendum gert að greiða stefnda málskostnað eins og greinir í dómsorði.

Björn Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, BIRK Invest ehf., er sýkn af kröfum stefnenda, Guðfinnu Magneyjar Sævarsdóttur og GX Holding Limited.

Stefnendur greiði stefnda sameiginlega 1.600.000 krónur í málskostnað.

Björn Þorvaldsson